

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Stokkseyrarhreppi frá 21. desember 1990.

1. gr.

B liður 2. gr. hjóðar svo:

Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið skal vera kr. 8.000 á ári. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar.

Gjalddagi er 15. janúar ár hvert.

2. gr.

C liður 2. gr. hjóðar svo:

Sveitarsjóður ábyrgðartryggir alla skráða hunda, sem greitt er leyfisgjald af. Þeir hundaeigendur sem undanþegnir eru leyfisgjaldi samkv. f. lið þessarar greinar, ábyrgðartryggja hunda sína hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þeir skulu og greiða sveitarsjóði útlagðan kostnað vegna hundahreinsunar. Við hundahreinsun skulu hundaeigendur sem falla undir f. lið leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að trygging sé í fullu gildi.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungnahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 29. apríl 1994 staðfest aðalskipulag fyrir Geysissvæðið í Haukadal, Biskupstungum.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.